2. nóvember 2020

# SIS-matið sem tæki við útdeilingu fjármuna

## - kynning á námskeiði um notagildi SIS-mats

Hrafnkell Hjörleifsson
sérfræðingur hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

**Stjórnarráð Íslands**
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

# Umfjöllunarefni erindis

1. Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk
2. SIS-matið til ákvörðunar almennra framlaga
3. SIS-C og framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda
4. Umræður og spurningar

# 1. Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk

# Reglugerð nr. 616/2020 um framlög JS vegna þjónustu við fatlað fólk

Almennt um reglugerðina

# 1. gr. rg. nr. 616/2020

Hversu mikið er til skiptanna?

1. gr.

*Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk.*

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020 eru eftirfarandi og skulu þær renna í sérstaka deild innan sjóðsins:

a. Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga af álagningarstofni útsvars er nemur 0,99%.

b. Framlag úr ríkissjóði er nemur 0,235% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.

c. Sérstakt framlag úr ríkissjóði vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Við skil á staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda skulu Jöfnunarsjóði gerð skil á sínum hluta skv. a-lið 1. mgr. Fjársýsla ríkisins skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skipta innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Enn fremur skal Fjársýsla ríkisins við álagningu sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari af þeim tekjum sem skattlagðar eru eftir á. Fjársýsla ríkisins skal í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

Til viðbótar þeim tekjum Jöfnunarsjóðs á árinu 2020, sem tilgreindar eru í 1. mgr., eru til ráðstöfunar á árinu óráðstöfuð framlög frá fyrra ári vegna NPA.

# 3. gr. rg. nr. 616/2020

3. gr.

*Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.*

*I. hluti: Skipting ráðstöfunarfjármagns.*

Áætluðum ráðstöfunartekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2020, að frádregnu framlagi í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, framlögum vegna NPA, sérstökum viðbótarframlögum og öðrum framlögum, sbr. b-d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr., skal skipta milli sveitarfélaga sem mynda þjónustusvæði með eftirfarandi hætti:

Þrjár stoðir framlagsins

a. 88% skiptast hlutfallslega miðað við niðurstöðu mælinga á útgjaldaþörf, sbr. II. hluta þessarar greinar.
b. 10,75% skiptast hlutfallslega miðað við áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga 2020.
c. 1,25% skiptist hlutfallslega miðað við fjarlægðir innan þjónustusvæða og að teknu tilliti til fjölda sveitarfélaga innan svæða.

Áætluð framlög ársins 2020 eru reiknuð út á grundvelli framlaga ársins 2019 að teknu tilliti til endanlegs álagningarstofns útsvars á árinu 2018 og endurskoðaðrar áætlunar um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2020. Framlögin skulu síðan endurreiknuð sem hér segir:

Hversu margar eru áætlanir ársins og hvenær eru þær gefnar út?

1. Í maí 2020 á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum, sbr. 1. tölul. 6. mgr. II. hluta.
2. Í nóvember 2020, sbr. 2., 3. og 4. tölul. 6. mgr. II. hluta.
3. Við greiðslu framlaga á árinu 2020 fer jafnframt fram leiðrétting framlaga ársins 2018 á grundvelli endanlegs álagningarstofns útsvars 2018.

Útreiknuð framlög ársins 2020 skal leiðrétta þegar endanlegur álagningarstofn útsvars ársins 2020 liggur fyrir. Upplýsingar um leiðréttingu skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. desember 2021 og skal leiðrétting framlaga til hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags koma til frádráttar/viðbótar almennum framlögum Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2022. Reynist áætlun ársins 2022 lægri en frádráttur vegna ársins 2020 er heimilt að innheimta mismuninn af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs.

# 3. gr. rg. nr. 616/2020

*II. hluti: Mæling á útgjaldaþörf.*

Við mælingu á útgjaldaþörf vegna þjónustu við fatlað fólk, sbr. a-lið 1. mgr. I. hluta, skal byggt á þeim upplýsingum um kostnað og stuðningsþörf einstaklinga í sérhæfðri þjónustu sem lagðar voru til grundvallar við útreikning framlaga á árinu 2019.

Hvernig framlagið er reiknað

Útgjaldaþörf þjónustusvæðis er fundin út frá samanlagðri þjónustuþörf íbúa þess. Þjónustuþörf einstaklings er ákvöruð út frá stuðningsflokki viðkomandi, sbr. 6. gr., með álagi á grundvelli sérstakrar stuðningsþarfar vegna hegðunar og/eða heilsu þar sem það á við. Allir einstaklingar sem falla í 5. flokk samræmds mats á þjónustuþörf eða ofar telja til útgjaldaþarfar þjónustusvæða. Enn fremur er heimilt að reikna álag vegna einstaklinga með óvenjulega samsetningu stuðningsþarfar. Ef ekki liggur fyrir mat á stuðningsþörf er heimilt að ákvarða útgjaldaþörf einstaklings út frá raunkostnaði. Heildarframlög vegna einstaklinga á grunni raunkostnaðar geta þó aldrei numið stærri hluta framlaga en fjöldi þeirra segir til um.

Á við um Sólheima, Skálatún

Heimilt er að reikna framlag vegna einstaklinga sem falla í 4. flokk samræmds mats á þjónustuþörf og dvelja innan stórra rekstrareininga sem starfandi voru fyrir tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.

Kom inn 2020

Reikna skal framlög í þrjá heila mánuði frá dánardegi einstaklinga sem eru í þjónustu á árinu 2020.

Við mat á útgjaldaþörf sveitarfélaga/þjónustusvæða skal taka tillit til fjarlægða innan svæðisins þar sem fleiri en eitt sveitarfélag mynda þjónustusvæðið og fjölda þeirra sveitarfélaga sem svæðið mynda. Einvörðungu er tekið tillit til sveitarfélaga þar sem um umtalsverða þjónustu er að ræða í málaflokknum og veitt eru framlög úr Jöfnunarsjóði.

# 3. gr. rg. nr. 616/2020

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal senda þjónustusvæðum/sveitarfélögum gögn sem sýna framlög skv. hverjum flokki matsins sem og upplýsingar um niðurstöður útreikninga einstakra þátta framlagsins.

Við mælingu á útgjaldaþörf skv. framangreindu vegna úthlutunar framlaga árið 2020 skal jafnframt taka tillit til eftirfarandi þátta á grundvelli viðbótarupplýsinga frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum:

**Lögheimilisskráning 1. janúar ræður framlagi**

1. Uppfæra skal upplýsingar um lögheimili einstaklinga í þjónustu með tilliti til flutnings þeirra milli þjónustusvæða/sveitarfélaga. Við útreikning framlaga 2020 skal miðað við lögheimili einstaklings 1. janúar 2020.
2. Framkvæma skal samræmt mat á þjónustuþörf einstaklinga sem ekki höfðu náð 18 ára aldri við útreikning framlaganna árið 2019 en hafa náð 18 ára aldri 1. janúar 2020.

**Þröskuldur inn í kerfið: 5 m.kr.**

3. Enn fremur skal safna upplýsingum um einstaklinga í þjónustu með viðbótarkostnaði á árinu 2020 sem samsvarar kostnaði að fjárhæð 5 m.kr.
4. Framkvæma skal á árinu samræmt mat á stuðningsþörf fatlaðra barna á aldrinum 6-18 ára ásamt mati á stuðningsþörf fullorðinna vegna nýliðunar, sbr. 6. gr.

**Tímabundnir búferlaflutningar**

Þegar um tímabundna búferlaflutninga einstaklinga í þjónustu er að ræða, er þjónustusvæðum heimilt að semja sín á milli um að framlög Jöfnunarsjóðs vegna þeirra einstaklinga, skv. III. hluta, flytjist milli þjónustusvæða enda þótt lögheimili viðkomandi haldist óbreytt. Slíkir samningar hafa ekki áhrif á jöfnunarframlög samkvæmt þessari reglugerð. Samband íslenskra sveitarfélaga getur gefið út leiðbeinandi viðmið um samninga sem þjónustusvæði gera sín á milli.

# 3. gr. rg. nr. 616/2020

*III. hluti: Útreikningur framlaga.*

Framlög til einstakra þjónustusvæða eða sveitarfélaga skulu reiknuð út sem hér segir:

1. Þegar niðurstaða liggur fyrir skv. a-, b- og c-liðum í 1. mgr. I. hluta, skal á grunni áætlaðs útsvarsstofns ársins 2020 reikna út útsvarstekjur sem samsvara 0,25% af útsvarsstofni og sem renna skulu beint til þjónustu við fatlað fólk innan viðkomandi þjónustusvæðis.
2. Finna skal mismun mældrar heildarútgjaldaþarfar hvers þjónustusvæðis eða sveitarfélags skv. II. hluta og áætlaðra útsvarstekna skv. 1. tölulið.
3. Sé mæld útgjaldaþörf sveitarfélaga, sem mynda þjónustusvæði, hærri en sem nemur útsvarstekjum af 0,25% hlutdeild þeirra í útsvarsstofni er mismunurinn greiddur sem almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk.

# Reglugerð nr. 616/2020 um framlög JS vegna þjónustu við fatlað fólk

Breyting frá reglugerð 2019

- Tiltekið hvernig staðið er að greiðslu framlaga við andlát

Fyrirhuguð breyting á reglugerð 2021

- Ný SIS flokkun Greiningar- og ráðgjafarstöðvar í stað eldri flokka með álagsútreikningum

# 2. SIS-matið til ákvörðunar almennra framlaga

# SIS matið til ákvörðunar almennra framlaga

Framlagið skiptist í þrjár stoðir:

1. **Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%)**
2. Framlag á grundvelli eigin útsvars (10,75%)
3. Framlag á grundvelli innviða (1,25%)

## 2. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks 2020

| | Reiknuð útgjaldaþörf sveitarfélaga | | | | | | Reiknuð útgjaldaþörf | | Skipting framlaga til sveitarfélaga | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustusvæði | Jöfnun á grunni stuðningsþarfar | Hlutfall | Framlög á grundvelli eigins útsvars | Hlutfall | Innviðir | Hlutfall | Útgjaldaþörf 2020 samtals | Hlutfall framlaga 2020 | Áætlaðar útsvarstekjur 2019 | Hlutfall | Framlög að frádregnum útsvarstekjum | Hlutfall framlaga úr jöfnunarsjóði | Leiðréttingar vegna ársins 2018 | Áætlaðar greiðslur ársins 2020 |
| Akranes | 456.785 | 2,5% | 49.384 | 2,2% | 6.515 | 2,5% | 512.685 | 2,4% | 92.220 | 2,2% | 420.465 | 2,5% | 1.544 | 422.009 |
| Akureyri og nágrenni | 1.958.690 | 10,6% | 124.902 | 5,5% | 6.228 | 2,4% | 2.089.820 | 9,9% | 233.241 | 5,5% | 1.856.579 | 11,1% | 10.742 | 1.867.321 |
| Austurland | 436.918 | 2,4% | 66.273 | 2,9% | 29.271 | 11,1% | 532.463 | 2,5% | 123.758 | 2,9% | 408.705 | 2,4% | 1.913 | 410.618 |
| Borgarbyggð | 113.910 | 0,6% | 24.651 | 1,1% | 10.712 | 4,1% | 149.273 | 0,7% | 46.034 | 1,1% | 103.240 | 0,6% | 765 | 104.005 |
| Fjalla- og Dalvíkurbyggð | 296.377 | 1,6% | 23.470 | 1,0% | 7.759 | 3,0% | 327.606 | 1,6% | 43.828 | 1,0% | 283.779 | 1,7% | 1.519 | 285.298 |
| Garðabær | 527.398 | 2,9% | 123.360 | 5,5% | 0 | 0,0% | 650.758 | 3,1% | 230.362 | 5,5% | 420.396 | 2,5% | -205 | 420.191 |
| Grindavík | 109.856 | 0,6% | 20.238 | 0,9% | 0 | 0,0% | 130.094 | 0,6% | 37.791 | 0,9% | 92.302 | 0,5% | 25 | 92.327 |
| Hafnarfjörður | 1.604.355 | 8,7% | 184.198 | 8,2% | 0 | 0,0% | 1.788.553 | 8,5% | 343.970 | 8,2% | 1.444.583 | 8,6% | 8.017 | 1.452.600 |
| Hornafjörður | 148.876 | 0,8% | 14.822 | 0,7% | 0 | 0,0% | 163.699 | 0,8% | 27.679 | 0,7% | 136.019 | 0,8% | 1.087 | 137.106 |
| Kópavogur | 1.036.580 | 5,6% | 248.778 | 11,0% | 0 | 0,0% | 1.285.357 | 6,1% | 464.565 | 11,0% | 820.793 | 4,9% | 3.277 | 824.070 |
| Mosfellsbær og Kjós | 1.118.538 | 6,0% | 76.641 | 3,4% | 0 | 0,0% | 1.195.179 | 5,7% | 143.118 | 3,4% | 1.052.061 | 6,3% | -142 | 1.051.919 |
| Norðurþing og nágrenni | 353.259 | 1,9% | 30.699 | 1,4% | 15.732 | 6,0% | 399.690 | 1,9% | 57.328 | 1,4% | 342.363 | 2,0% | 1.193 | 343.556 |
| Reykjanesbær | 620.850 | 3,4% | 110.742 | 4,9% | 0 | 0,0% | 731.592 | 3,5% | 206.798 | 4,9% | 524.794 | 3,1% | 140 | 524.934 |
| Reykjavík | 6.594.486 | 35,7% | 831.325 | 36,8% | 22.361 | 8,5% | 7.448.172 | 35,4% | 1.552.408 | 36,8% | 5.895.765 | 35,1% | 29.107 | 5.924.872 |
| Seltjarnarnes | 211.340 | 1,1% | 33.740 | 1,5% | 0 | 0,0% | 245.080 | 1,2% | 63.005 | 1,5% | 182.074 | 1,1% | 1.198 | 183.272 |
| Snæfellsnes | 112.885 | 0,6% | 23.635 | 1,0% | 13.233 | 5,0% | 149.753 | 0,7% | 44.136 | 1,0% | 105.617 | 0,6% | 720 | 106.337 |
| Suðurland | 1.442.287 | 7,8% | 135.588 | 6,0% | 64.947 | 24,7% | 1.642.822 | 7,8% | 253.196 | 6,0% | 1.389.626 | 8,3% | 3.976 | 1.393.602 |
| Suðurnesjabær | 160.268 | 0,9% | 26.878 | 1,2% | 7.121 | 2,7% | 194.268 | 0,9% | 50.192 | 1,2% | 144.076 | 0,9% | 34 | 144.110 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 576.887 | 3,1% | 41.211 | 1,8% | 24.193 | 9,2% | 642.291 | 3,1% | 76.958 | 1,8% | 565.334 | 3,4% | 2.316 | 567.650 |
| Vestfirðir | 463.693 | 2,5% | 42.439 | 1,9% | 54.671 | 20,8% | 560.803 | 2,7% | 79.250 | 1,9% | 481.553 | 2,9% | 1.635 | 483.188 |
| Vestmannaeyjar | 152.974 | 0,8% | 26.626 | 1,2% | 0 | 0,0% | 179.600 | 0,9% | 49.722 | 1,2% | 129.878 | 0,8% | 1.138 | 131.016 |
| | **18.497.211** | **100%** | **2.259.602** | **100%** | **262.744** | **100%** | **21.019.558** | **100%** | **4.219.558** | **100%** | **16.800.000** | **100%** | **70.000** | **16.870.000** |

| Hlutfall skiptingar | | | Samtals |
|---|---|---|---|
| 88,00% | 10,75% | 1,25% | 100,00% |
| **18.497.211** | **2.259.602** | **262.744** | **21.019.558** |

# Jöfnun á grunni stuðningsþarfar, 2. áætlun 2020

Áætlað heildarframlag: 16,8 ma.kr.

- þar af jöfnun á grunni stuðningsþarfar: 14,784 ma.kr.

Greitt með 1.200 einstaklingum

- þar af 979 á grunni SIS mats (81,6%)
- þar af 221 á grunni kostnaðar (18,4%)

# Jöfnun á grunni stuðnings-þarfar, útreikningar



# Jöfnun á grunni stuðnings-þarfar, útreikningar

| Þjónustusvæði | SIS grunnur | Hlutfall | Kostnaðar grunnur | Hlutfall | Jöfnun á grunni stuðningsþarfar |
|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 202 | 2,2% | 133.496 | 3,7% | 2,5% |
| Akureyri og nágrenni | 1.057 | 11,5% | 242.200 | 6,8% | 10,6% |
| Austurland | 267 | 2,9% | 0 | 0,0% | 2,4% |
| Borgarbyggð | 70 | 0,8% | 0 | 0,0% | 0,6% |
| Fjalla- og Dalvíkurbyggð | 171 | 1,9% | 17.857 | 0,5% | 1,6% |
| Garðabær | 280 | 3,0% | 73.507 | 2,1% | 2,9% |
| Grindavík | 56 | 0,6% | 18.500 | 0,5% | 0,6% |
| Hafnarfjörður | 831 | 9,0% | 258.982 | 7,2% | 8,7% |
| Hornafjörður | 91 | 1,0% | 0 | 0,0% | 0,8% |
| Kópavogur | 542 | 5,9% | 157.784 | 4,4% | 5,6% |
| Mosfellsbær og Kjós | 591 | 6,4% | 160.930 | 4,5% | 6,0% |
| Norðurþing og nágrenni | 153 | 1,7% | 109.028 | 3,0% | 1,9% |
| Reykjanesbær | 253 | 2,7% | 218.470 | 6,1% | 3,4% |
| Reykjavík | 3.020 | 32,7% | 1.741.939 | 48,7% | 35,7% |
| Seltjarnarnes | 71 | 0,8% | 100.259 | 2,8% | 1,1% |
| Snæfellsnes | 69 | 0,7% | 0 | 0,0% | 0,6% |
| Suðurland | 779 | 8,4% | 176.804 | 4,9% | 7,8% |
| Suðurnesjabær | 62 | 0,7% | 62.122 | 1,7% | 0,9% |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 338 | 3,7% | 25.600 | 0,7% | 3,1% |
| Vestfirðir | 236 | 2,6% | 81.328 | 2,3% | 2,5% |
| Vestmannaeyjar | 94 | 1,0% | 0 | 0,0% | 0,8% |

Akranes: = 2,2%*81,6% + 3,7%*18,4%

Akureyri og nágrenni: = 11,5%*81,6% + 6,8%*18,4%

## 2. áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks 2020

| | Reiknuð útgjaldaþörf sveitarfélaga | | | | | | Reiknuð útgjaldaþörf | | Skipting framlaga til sveitarfélaga | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Þjónustusvæði | Jöfnun á grunni stuðningsþarfar | Hlutfall | Framlög á grundvelli eigins útsvars | Hlutfall | Innviðir | Hlutfall | Útgjaldaþörf 2020 samtals | Hlutfall framlaga 2020 | Áætlaðar útsvarstekjur 2019 | Hlutfall | Framlög að frádregnum útsvarstekjum | Hlutfall framlaga úr jöfnunarsjóði | Leiðréttingar vegna ársins 2018 | Áætlaðar greiðslur ársins 2020 |
| Akranes | 456.785 | 2,5% | 49.384 | 2,2% | 6.515 | 2,5% | 512.685 | 2,4% | 92.220 | 2,2% | 420.465 | 2,5% | 1.544 | 422.009 |
| Akureyri og nágrenni | 1.958.690 | 10,6% | 124.902 | 5,5% | 6.228 | 2,4% | 2.089.820 | 9,9% | 233.241 | 5,5% | 1.856.579 | 11,1% | 10.742 | 1.867.321 |
| Austurland | 436.918 | 2,4% | 66.273 | 2,9% | 29.271 | 11,1% | 532.463 | 2,5% | 123.758 | 2,9% | 408.705 | 2,4% | 1.913 | 410.618 |
| Borgarbyggð | 113.910 | 0,6% | 24.651 | 1,1% | 10.712 | 4,1% | 149.273 | 0,7% | 46.034 | 1,1% | 103.240 | 0,6% | 765 | 104.005 |
| Fjalla- og Dalvíkurbyggð | 296.377 | 1,6% | 23.470 | 1,0% | 7.759 | 3,0% | 327.606 | 1,6% | 43.828 | 1,0% | 283.779 | 1,7% | 1.519 | 285.298 |
| Garðabær | 527.398 | 2,9% | 123.360 | 5,5% | 0 | 0,0% | 650.758 | 3,1% | 230.362 | 5,5% | 420.396 | 2,5% | -205 | 420.191 |
| Grindavík | 109.856 | 0,6% | 20.238 | 0,9% | 0 | 0,0% | 130.094 | 0,6% | 37.791 | 0,9% | 92.302 | 0,5% | 25 | 92.327 |
| Hafnarfjörður | 1.604.355 | 8,7% | 184.198 | 8,2% | 0 | 0,0% | 1.788.553 | 8,5% | 343.970 | 8,2% | 1.444.583 | 8,6% | 8.017 | 1.452.600 |
| Hornafjörður | 148.876 | 0,8% | 14.822 | 0,7% | 0 | 0,0% | 163.699 | 0,8% | 27.679 | 0,7% | 136.019 | 0,8% | 1.087 | 137.106 |
| Kópavogur | 1.036.580 | 5,6% | 248.778 | 11,0% | 0 | 0,0% | 1.285.357 | 6,1% | 464.565 | 11,0% | 820.793 | 4,9% | 3.277 | 824.070 |
| Mosfellsbær og Kjós | 1.118.538 | 6,0% | 76.641 | 3,4% | 0 | 0,0% | 1.195.179 | 5,7% | 143.118 | 3,4% | 1.052.061 | 6,3% | -142 | 1.051.919 |
| Norðurþing og nágrenni | 353.259 | 1,9% | 30.699 | 1,4% | 15.732 | 6,0% | 399.690 | 1,9% | 57.328 | 1,4% | 342.363 | 2,0% | 1.193 | 343.556 |
| Reykjanesbær | 620.850 | 3,4% | 110.742 | 4,9% | 0 | 0,0% | 731.592 | 3,5% | 206.798 | 4,9% | 524.794 | 3,1% | 140 | 524.934 |
| Reykjavík | 6.594.486 | 35,7% | 831.325 | 36,8% | 22.361 | 8,5% | 7.448.172 | 35,4% | 1.552.408 | 36,8% | 5.895.765 | 35,1% | 29.107 | 5.924.872 |
| Seltjarnarnes | 211.340 | 1,1% | 33.740 | 1,5% | 0 | 0,0% | 245.080 | 1,2% | 63.005 | 1,5% | 182.074 | 1,1% | 1.198 | 183.272 |
| Snæfellsnes | 112.885 | 0,6% | 23.635 | 1,0% | 13.233 | 5,0% | 149.753 | 0,7% | 44.136 | 1,0% | 105.617 | 0,6% | 720 | 106.337 |
| Suðurland | 1.442.287 | 7,8% | 135.588 | 6,0% | 64.947 | 24,7% | 1.642.822 | 7,8% | 253.196 | 6,0% | 1.389.626 | 8,3% | 3.976 | 1.393.602 |
| Suðurnesjabær | 160.268 | 0,9% | 26.878 | 1,2% | 7.121 | 2,7% | 194.268 | 0,9% | 50.192 | 1,2% | 144.076 | 0,9% | 34 | 144.110 |
| Sveitarfélagið Skagafjörður | 576.887 | 3,1% | 41.211 | 1,8% | 24.193 | 9,2% | 642.291 | 3,1% | 76.958 | 1,8% | 565.334 | 3,4% | 2.316 | 567.650 |
| Vestfirðir | 463.693 | 2,5% | 42.439 | 1,9% | 54.671 | 20,8% | 560.803 | 2,7% | 79.250 | 1,9% | 481.553 | 2,9% | 1.635 | 483.188 |
| Vestmannaeyjar | 152.974 | 0,8% | 26.626 | 1,2% | 0 | 0,0% | 179.600 | 0,9% | 49.722 | 1,2% | 129.878 | 0,8% | 1.138 | 131.016 |
| | **18.497.211** | **100%** | **2.259.602** | **100%** | **262.744** | **100%** | **21.019.558** | **100%** | **4.219.558** | **100%** | **16.800.000** | **100%** | **70.000** | **16.870.000** |

| Hlutfall skiptingar | | | Samtals |
|---|---|---|---|
| 88,00% | 10,75% | 1,25% | 100,00% |
| **18.497.211** | **2.259.602** | **262.744** | **21.019.558** |

# 3. SIS-C og framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

# SIS-C og framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Byggja á 4. gr. reglugerðar 351/2002 um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs til reksturs grunnskóla.

Lögheimili og SIS flokkur barns ræður framlagi

Ákveðin krónutala fylgir hverjum SIS flokki

# SIS-C og framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

| Flokkur | Fjárhæð |
|---|---:|
| SIS 1 | 0 |
| SIS 2 | 0 |
| SIS 3 | 0 |
| SIS 4 | 1.000.000 |
| SIS 5 | 1.150.000 |
| SIS 6 | 1.350.000 |
| SIS 7 | 1.550.000 |
| SIS 8 | 1.700.000 |
| SIS 9 | 1.900.000 |
| SIS 10 | 2.200.000 |
| SIS 11 | 2.400.000 |
| SIS 12 | 2.800.000 |
| SIS 13 | 2.800.000 |
| SIS 14 | 2.800.000 |
| SIS 15 | 2.800.000 |
| SIS 16 | 2.800.000 |

# Umfjöllunarefni erindis

1. Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk
2. SIS-matið til ákvörðunar almennra framlaga
3. SIS-C og framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda
4. Umræður og spurningar